


31. mars 2022

## FLESTIR STJÓRNENDUR IÐNFYRIRTÆKJA TELJA AÐSTÆÐUR Í EFNAHAGSLÍFINU VERA GÓÐAR

Niðurstöður könnunar sem Outcome framkvæmdi fyrir Samtök iðnaðarins meðal stjórnenda íslenskra iðnfyrirtækja sýna að meirihluti þeirra telur að aðstæður í efnahagslífinu séu góðar og fjölgar þeim á milli ára sem segja svo vera. Ef lítið er til næstu 6-12 mánaða, telja fleiri að aðstæður í efnahagslífinu muni batna en versna á þeim tíma. Þá telur um helmingur svarenda að tekjur muni aukast á öðrum, þriðja og fjórða ársfjórðungi sé miðað við sömu ársfjórðunga 2021. Ríflega fjórðungur stjórnenda telur að starfsmenn fyrirtækja þeirra verði fleiri á öðrum og þriðja ársfjórðungi þessa árs samanborið við sömu ársfjórðunga 2021. Um 60% telja að fjöldi starfsmanna muni standa í stað út árið. Þegar stjórnendur eru spurðir hvort skortur sé á starfsfólki í þeirra fyrirtæki núna svarar nær helmingur játandi. Það er áframhald á þeirri þróun sem hefur verið undanfarin 2 ár þar sem sífellt fleiri fyrirtæki virðast eiga í erfiðleikum með að ráða inn starfsfólk.

Könnunin var gerð 17. febrúar til 2. mars 2022 og var svarhlutfallið 18%. Stríðið í Úkraínu hófst 24. febrúar og barst þriðjungur svara könnunarinnar eftir að stríðið var hafið. Greina má í svörum breytingu eftir að stríðið hefst. Telur þá lægra hlutfall að efnahagsaðstæður muni batna lítið til næstu 6-12 mánaða, lægra hlutfall að tekjur muni aukast á næstu ársfjórðungum og færri að starfsfólki muni fjölga út árið. Það er því ljóst að stjórnendur iðnfyrirtækja telja að stríðið hafi neikvæð áhrif á horfur í iðnaðinum og umhverfi greinarinnar.

Hvernig metur þú aðstæður í efnahagslífinu á Íslandi fyrir þitt fyrirtæki?




Aðspurðir telja um 57% stjórnenda að aðstæður í efnahagslífinu á Íslandi séu góðar fyrir þeirra fyrirtæki. Hlutfallið hefur ekki verið hærra síðan árið 2018 og hækkar það nokkuð á milli ára og umtalsvert frá árinu 2020. Í sambærilegri könnun sem gerð var í fyrra töldu 43% aðstæður í efnahagslífinu vera góðar og aðeins 24% árið 2020. Að sama skapi lækkar hlutfall þeirra sem telja að aðstæður séu slæmar en ekki nema 13% telja þær séu slæmar nú samanborið við 19% í fyrra. Það virðist því vera að rofa til eftir niðursveiflu undanfarin tvö ár. Hlutfall þeirra sem telja að aðstæður séu hvorki slæmar né góðar lækkar á milli ára, eða úr 37% í fyrra í 29% nú.

Stjórnendur eru spurðir hvernig þeir meta aðstæður í efnahagslífinu fyrir þeirra fyrirtæki lítið til næstu 6-12 mánaða miðað við aðstæður í dag. Niðurstöðurnar sýna að 34% telja að aðstæður verði betri en um


20% að þær verði verri. Nokkuð lægra hlutfall stjórnenda telur að aðstæður verði betri eftir 6-12 mánuði en fyrir ári síðan, eða 34% nú samanborið við 43% fyrir ári síðan. Kann það að markast af þeirri uppsveiflu sem verið hefur síðan könnunin var gerð fyrir ári. Þá hækkar hlutfall þeirra sem telja að aðstæður verði verri á næstu misserum, eða 20% eins og áður sagði, en aðeins 13% fyrir ári síðan töldu að svo yrði.

### Ef horft er 6-12 mánuði fram í tímann, hvernig metur þú aðstæður í efnahagslífinu fyrir þitt fyrirtæki m.v. aðstæður í dag?



Þátttakendur eru beðnir um að svara því hvernig þeir telja að tekjur þeirra fyrirtækja verði á 2., 3., og 4. ársfjórðungi þessa árs í samanburði við sama ársfjórðung í fyrra. Helmingur stjórnenda segja að tekjur muni koma til með að aukast á 2. ársfjórðungi en 21% að þær muni dragast saman. Fjórðungur telur að þær muni standa í stað. Á þriðja ársfjórðungi telja ríflega helmingur að tekjur muni aukast á milli ára en 15% að þær muni dragast saman. 29% reikna með að þær standi í stað. Fyrir 4. ársfjórðung vænta 48% vaxtar, 18% samdrætti og 29% sjá fram á að tekjur muni standa í stað.


### Hvernig telur þú að tekjur þíns fyrirtækis verði á viðkomandi ársfjórðungi 2021 m.v. sama ársfjórðung 2020?



Niðurstöður benda til þess að lítill hluti stjórnenda reikni með að fækka starfsfólki á árinu sem er að líða. Um 13% svarenda sjá fram á að starfsmenn fyrirtækisins verði færri á 2. ársfjórðungi þessa árs samanborið við sama ársfjórðung í fyrra, 10% á 3. ársfjórðungi og 18% á þeim fjórða. Þá segja um og


yfir 60% svarenda að starfsmannafjöldi komi til með að standa í stað á árinu. Um 27% telja að starfsmenn fyrirtækisins verði fleiri á 2. ársfjórðungi þessa árs samanborið við sama ársfjórðung í fyrra, 28% á 3. ársfjórðungi og 18% á 4. ársfjórðungi.

### Hvernig telur þú að fjöldi starfsmanna verði í þínu fyrirtæki á viðkomandi ársfjórðungi 2021 miðað við sama ársfjórðung 2020?



Aðspurðir segja um 47% stjórnenda að það sé skortur á starfsfólki í þeirra fyrirtæki núna. Má greina miklar sviptingar á milli ára þar sem 20% sögðu skort á starfsfólki vera viðvarandi á síðasta ári og aðeins 10% árið 2020. Þá er athyglivert að hlutfall þeirra sem svara að það sé skortur á starfsfólki er hærra nú en þeirra sem segja að nægt framboð sé af starfsfólki.

### Er skortur á starfsfólki í þínu fyrirtæki núna?



Stjórnendur eru einnig beðnir um að leggja mat á það hverskonar starfsfólk skortir helst og segja 57% að það sé iðnmenntað starfsfólk. Ríflega 19% nefna vöntun á háskólamenntuðu starfsfólki en það hlutfall hefur farið hækkandi undanfarin tvö ár. Þá segja um 18% að það sé skortur á ófaglærðu starfsfólki og 5% segja annað.

## Hverskonar starfsfólk skortir helst?

